

Auglýsingar

Hópverkefni



Verklýsing

Vinnið saman tvö til fjögur í hverjum hópi. Kynnið ykkur og ræðið saman um ýmislegt sem viðkemur auglýsingum. Samhliða umræðum skráið þið hjá ykkur athugasemdir sem þið notið svo sem uppistöðu í skýrslu. Skýrslan skal vera a.m.k. 1.000–1.200 orð, unnin í ritvinnslu í tölvu. Leturgerð 12 p., línubil 1,5. Á forsíðu eiga að koma fram upplýsingar um höfunda skýrslunnar, nafn skóla og dagsetning. Muna þarf eftir blaðsíðutali og að geta heimilda í lok skýrslunnar. Vanda skal texta og frágang. Bókin *Heimir, handbók um heimildaritun* getur verið handhægt uppflettirit.

I Ræðið saman um eftirfarandi og skráið hjá ykkur helstu atriði sem fram koma:

1. Hvernig skilgreinið þið auglýsingu?
2. Hvar er líklegt að rekast á auglýsingar?
3. Hvers konar auglýsingar sjáið þið oftast?
4. Hvaða aðferðir nota auglýsendur helst til að vekja athygli?
5. Til hvaða þátta er algengt að höfða í auglýsingum?
6. Hvað einkennir góðar auglýsingar?
7. Getið þið nefnt dæmi um það sem ykkur finnst vera góð auglýsing?

II Skoðið á netinu og skráið hjá ykkur helstu niðurstöður:

Kynnið ykkur umfjöllun, lög og reglugerðir um auglýsingar. Athugið t.d. efni sem finna má á eftirfarandi vefsíðum:

- Samkeppnislög, grein nr. 22: <http://www.althingi.is/lagas/131a/1993008.html>
- Af Vísindavefnum: <http://www.visindavefur.hi.is/>
- Samband íslenskra auglýsingastofa: <http://www.sia.is/Log-SIA/>

III Kynnið ykkur m.a. eftirfarandi atriði í sambandi við auglýsingar:

- Hverjir setja lög um auglýsingar.
- Reglur um auglýsingar á útsölum.
- Reglur um mál og málfar.
- Reglur um börn og auglýsingar.
- Reglur um verð og verðmerkingar.

1. Skráið hjá ykkur a.m.k. átta atriði sem ykkur finnst mikilvæg eða vekja athygli ykkar á vef Sambands íslenskra auglýsingastofa.
2. Skoðið nokkrar sjónvarpsauglýsingar og/eða blaðaauglýsingar með það í huga að kanna hvort þær brjóti á einhvern hátt í bága við opinberar reglur og reglugerðir um auglýsingar.

IV Ræðið eftirfarandi atriði og skráið hjá ykkur helstu niðurstöður:

1. Er að ykkar mati þörf á reglum um auglýsingar?
2. Eru núgildandi reglur sanngjarnar?
3. Eru reglurnar nógu skýrar?
4. Eru reglurnar nógu aðgengilegar?
5. Má auglýsa hvað sem er hvar sem er?
6. Er almennt farið eftir reglum um auglýsingar í íslenskum fjölmiðlum?
7. Eru einhver viðurlög við brotum á reglunum?
8. Haldið þið að svipaðar reglur gildi í öðrum löndum?